

## LÖG

### um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. másl. 3. mgr. 6. gr. A laganna orðast svo: Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að tollur á þær vörur sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B skuli vera 0, 10, 20, 30, 40, 50, 60, 70, 80 eða 90 hundraðshlutar af þeim verð- og/eða magntolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. apríl 2002.*

**Davíð Oddsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**

*Guðni Ágústsson.*